



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagurinn 6. febrúar 2006

Ákvörðun nr. 3/2006

Kaup Gera ehf. á ráðandi hlut í Kornax ehf.

1.

Með bréfi Þórarins V. Þórarinssonar hdl., dags. 6. janúar 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Gera ehf., móðurfélags Mjólkurfélags Reykjavíkur hf. (MR), á 37,5% hlut Fóðurlöndunnar hf. (FB) í fyrirtækinu Kornax ehf. og samhliða kaupum á 25% hlut danska fyrirtækisins Valsemöllen A/S í sama félagi. Fyrir átti MR 37,5% hlut í Kornax. Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdu einnig samningar um yfirtökuna, dags. 28. desember 2005, auk ársreikninga samrunaðila fyrir árið 2004 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupsamningarnir í sér samruna í skilningi 4. gr. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að tilgangur MR sé að flytja inn og selja rekstrarvörur til bænda. Meginstarfsemin felist í innflutningi fóðurgerðarefna, vinnslu, blöndun og sölu í heildsölu og smásölu á skepnufóðri og fóðurvörum (einkum svína-, varp-, alifugla-, nautgripa- og hestafóður). Jafnframt flytji félagið inn og selji, bæði í heildsölu og smásölu, ýmsan búnað og fatnað sem nýtist við frístundaiðkun og hestamennsku. Einnig ýmsan búnað fyrir tengda búvöruframleiðslu. Þá fáist félagið við rekstur fasteigna og lánastarfsemi þessu tengdu.

Kornax er fyrirtæki sem rekur innlenda hveitimyllu, sem gefur kost á að flytja til landsins óþreskjað hveitikorn, mala það og selja á innlendum markaði, ýmist til stórnotenda á borð við bakarí eða pakkað í neytendapakningar. Jafnframt er tilgangur fyrirtækisins að eiga og reka fasteignir í þágu starfseminnar sem og að sjá viðskiptavinum sínum fyrir ýmsum stoðvörum fyrir matvælagarð, einkum bakstur.

Tilgangur Gera er almenn fjárfestingastarfsemi, þ.m.t. kaup og sala fasteigna. Megineign félagsins er eignarhlutur þess í MR og því til viðbótar kemur ráðandi hlutur í Kornax.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Í tilkynningunni segir að markmið kaupa móðurfélags MR á Kornax sé að losa félagið undan þeim takmörkunum sem sameiginlegt eignarhald tveggja helstu samkeppnisaðila á fóðurmarkaði, þ.e. MR og FB, hefur sett rekstri þess. Jafnframt að skapa skilyrði þar sem eigandi hefur skýra sýn og vilja til að þróa félagið áfram. Kaupendur stefna að því að auka vöruframboð og þjónustu félagsins á þeim markaði sem það hefur starfað á. Ennfremur er þess að vænst að hagræða megi í rekstri félagsins með samnýtingu á ýmsum þjónustubáttum, s.s. bókhaldi, launakeyrlum o.s.frv.

3.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna kaupa Gera á ráðandi hlut í Kornax. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Af kaupunum leiðir að dregið verður úr samstarfi sem hefur verið með MR og FB þar sem þessi félög hafa í sameiningu rekið Kornax. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningum, dags. 28. desember 2005, keypti Gera ehf. allt hlutfé í Kornax ehf. af annars vegar Fóðurblöndunni hf. og hins vegar Valsemöllen A/S. Felur þessi yfirtaka í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson